

Sæll Aðalsteinn,

Karen María heiti ég og er viðburðastjóri hjá Höfuðborgarstofu.

Vetrarhátíð er nú í fullum undirbúningi en hún verður haldin dagana 6. – 15. Febrúar næstkomandi. Síðastliðin tvö ár höfum við verið að þróa dagskrárliðinn Sundlauganótt sem annan burðarlið hátíðarinnar samhliða Safnanótt en eins og þú veist þá eru öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu með sín söfn aðili að þeim burðarlið.

Á Sundlauganótt laugardaginn 15. febrúar, verða laugarnar í Reykjavík með opið milli 20:00-00:00, það er frítt inn, og gestum boðið upp viðburði og mikið stuð í samstarfi við félagsmiðstöðvar, listaskóla, félagasamtök og aðra íbúa sveitarfélagsins.

Nú hafa fleiri sveitafélög sýnt því áhuga að koma inn í Sundlauganótt á Vetrarhátíð á sama hátt og gert er með Safnanótt. Er það eitthvað sem þú heldur að Hafnarfjörður hefði áhuga á að taka þátt í með laugarnar sínar þrjár?

Með kveðju | Best regards,

Karen María Jónsdóttir

Viðburðastjóri | Festival and Event Manager

Höfuðborgarstofa | Visit Reykjavík

karen@visitreykjavik.is

+354 699 6903 | +354 590 1509